



Áveítan

12. tbl. 18. árgangur. Desember 2024

Verið velkomin á

skötuveisla



UMF ÞJÓTANDA

SKÖTUVEISLA ÞJÓTANDA VERÐUR AÐ SJÁLFSÖGÐU Á SÍNUM STAÐ Á ÞORLÁKSMESSU. VEISLAN VERÐUR Í **ÞINGBORG** MILLI KL 12 OG 13 OG BOÐIÐ VERÐUR UPP Á SKÖTU OG MEÐLÆTI ÁSAMT SALTFISKI FYRIR PÁ SEM KJÓSA HELDUR. KAFFI OG KONFEKT INNIFALIÐ Í VERÐI.

AÐGANGSEYRIR ER SANNGJARN EINS OG ALLTAF:

FULLORÐNIR 3.500 KRÓNUR

BÖRN 6-12 ÁRA 500 KRÓNUR

YNGRI BÖRN FÁ FRÍTT.

SKÖTUVEISLAN ER EIN HELSTA FJÁRÖFLUNARSAMKOMA UNGMENNAFÉLAGSINS OG ERU FJÖLMARGIR SEM LEGGJA HÖND Á PLÓG MEÐ SJÁLFBODAVINNU EÐA HRÁEFNISGJÖFUM ÞENNAÐAG.

SJÁUMST SEM ALLRA FLEST!

ÞORLÁKSMESSA

MILLI KL 12-13

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.

halla@floahreppur.is

845-9719

Oddný Ása Ingjaldsdóttir

odnyasa@gmail.com

865-5692

Pistill sveitarstjóra



Kæru sveitungar og lesendur
Áveitunnar

Á aðventunni er hollt að staldra
við og njóta með fólkinu sínu.

Aðventunni fylgir jafnan ys og
þys, allskonar viðburðir hingað og þangað
og auðvitað spenna og eftirvænting hjá
börnunum. Í mínum huga er þetta fyrst og
fremst er tími barnanna en einnig tími til að
minnast alls þess góða sem lífið býður
uppá.

Og ekki síður tími kærleika.



Pistillinn verður stuttur að þessu sinni en ég hvet alla til að
fylgjast með fréttum, viðburðum og upplýsingum inni á heima-
síðu sveitarfélagsins www.floahreppur.is. Við reynum að halda
upplýsingaflæði góðu og reglulegu inni á heimasíðunni en
tökum vel öllum ábendingum um það sem betur mætti fara.

Aðventuhátíð Flóahrepps verður haldin fimmtudaginn 5.
desember í Þingborg og er það í annað skipti sem við haldin er
glæsilega hátíð á aðventunni. Það eru Berglind Björk Guðna-
dóttir ásamt menningarnefnd Flóahrepps sem sjá um undir-
búning og skipulag hátíðarinnar. Fjölbreytt atriði verða á
hátíðinni þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi til að
koma sér í jólaskap. Kórar úr leik- og grunnskóla, kirkjukórinn,
nemendur Tónlistarskóla Árnesinga, Tónafljóð og Berglind Björk
sópransöngkona í Flóahreppi munu koma fram á hátíðinni.
Kakó, kaffi og smákökur innifalið í miðaverði ásamt gleði og
góðri samveru.

Forsala aðgöngumiða er hafin á www.floahreppur.is og er

fólk hvatt til þess að tryggja sér miða sem fyrst.

Undanfarnar vikur hefur sveitarstjórn unnið að **fjárhagsáætlun** næsta árs. Haldnir hafa verið nokkrir vinnufundir í sveitarstjórn þar sem tillögur eru lagðar fram og ræddar og stefna næstu ára í fjárfestingum lögð upp. Að þessari vinnu koma allir fulltrúar sveitarstjórnar og er góð samstaða um málefnið og verkefnið framundan. Fyrri umræða var tekin 19. nóvember og verður seinni umræða þriðjudaginn 3. desember.

Það er ánægjulegt að sjá að reksturinn gengur vel og stefnir í að svigrúm verði til að mæta fasteignaeigendum vegna mikillar hækkunar á fasteignamati á íbúðarhúsnæðis Flóahreppi á árinu 2025. Það verður gert með því að lækka álagningu á A flokk og lækka sorphirðugjöld á fjögur grunnlát við íbúðarhús. Stefnt er að töluverðri fjárfestingu á næstu árum og verið er að horfa á sölu á eignum sem ekki gegna lykilhlutverki í lögbundnum verkefnum sveitarfélagsins til að mæta að hluta uppbyggingu og nýjum fjárfestingum.

Sveitarstjórn fundar 3. og 17. desember og eru fundirnir sendir í beinu streymi fyrir áhugasama.

Skrifstofa Flóahrepps er opin á Þorláksmessu frá 9:00-16:00 og föstudaginn 27. desember frá 9:00-13:00.

Ég óska lesendum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári með kærri þökk fyrir gott og árangursríkt samstarf á árinu.

*Með kærri aðventu- og jólakveðju,
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*



Fréttir frá Flóaskóla

Skólastarfið hefur gengið afar vel síðustu vikur. Allir í önnum að sinna námi og kennslu og ýmis áhugaverð viðfangsefni í gangi.



Nemendur á yngsta og miðstigi luku við sitt sköpunarþema um miðjan nóvember og elsta stig lauk sínu þema með leiksýningu 27. nóvember á einþáttungnum Stella í orlofi. Tvær sýningar voru í Þjórsárverri og voru þær báðar vel sóttar.

Verkið er byggt á íslensku kvikmyndinni Stella í orlofi sem frumsýnd var árið 1986. Þetta er gamanfarsi sem fjallar um Stellu sem fer í sumarþustað ásamt

sænskum alkahólista sem kominn er til landsins til að fara í meðferð hjá SÁÁ. Þau lenda í alls kyns vandræðum á ferðum sínum.



Höfundur handrits og leikgerðar er Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir deildarstjóri og leikstjóri er Hjálmar Benónýsson íslensku-kennari.

Umsjónarkennarar elsta stigs, list- og verkgreina-kennarar og stuðningsfulltrúar

hafa öll lagst á eitt að sinna undirbúningi sýningarinnar með nemendum.



Hver nemandi á elsta stigi átti sitt hlutverk í uppsetning-unni, sem leikarar, sviðsfólk, hvíslarar, tækni- og ljósameistarar, sviðsmynda-hönnuðir, leikskrárgerðarfólk, förðunarmeistarar og búningagerðarfólk.

Undirbúningur sýningarinnar stóð yfir frá því í um miðjan október.

Skemmst er frá að segja að sýningin gekk í alla staði mjög vel. Öll umgjörð var afar vel heppnuð, leikarar voru eintaklega áheyrilegir og sýndu framúrskarandi leik og svo var sýningin hnyttin og skemmtileg. Bestu og spaugilegustu augnablikum þessarar sígildu kvikmyndar var raðað saman þannig að úr varð hin besta skemmtun.

Þökkum við þeim sem komu og sáu leikritið, kærlega fyrir komuna.

Næsta þema er byggt á grunnþættinum lýðræði og mannréttindi. Elsta stig fær jafningjafræðslu í heimsókn til sín og vinnur verkefni tengd kosningum. Yfirskriftin þeirra verkefnis er stjórnmál og flóttamenn. Yngsta og miðstig eru að vinna verkefni tengd jólum um allan heim þar sem horft er til ólíkra samfélaga og hvernig jólahald er á ólíkum stöðum.



Nýverið fékk Flóaskóli afhentan Grænfána í annað sinn. Fáninn var afhentur við formlega athöfn þar sem fulltrúi Landverndar færði skólanum nýjan fána fyrir umhverfisvinnu árin 2022-2024. Nýskipuð umhverfisnefnd skólans tók við fánanum að viðstöddum starfsfólki og nemendum skólans.

Veðrið skartaði sínu fegursta þegar nýi fáninn var dreginn að húni. Markmið Grænfánaverkefnisins er að auka umhverfismennt, menntun til sjálfbærni og að styrkja umhverfisstefnur í skólum.

Við minnum á jólatónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar þar sem langspilssveitin okkar tekur þátt. Enn er hægt að kaupa miða á [tix.is](https://www.sinfonia.is/tonleikar-og-midasala/2024/12/15), <https://www.sinfonia.is/tonleikar-og-midasala/2024/12/15>.

Nú við upphaf aðventu förum við að huga að undirbúningi jóla. Við leggjum áherslu á að skapa notalegt og rólegt andrúmsloft í aðdraganda jóla en viljum samt halda í nokkrar góðar hefðir í skólastarfinu.

Í upphafi aðventu verður kyndlaganga og skreytingadagur í skólanum. Um miðjan mánuð er komið að hinni árvissu jólasýning 1.-7. bekkja. Síðustu dagana fyrir jól er svo unnið að ýmsum jólaverkefnum. Við endum svo á stofujólum og jóladiskói þann 20. desember áður en allir halda í jólaaleyfi.

Skóli hefst svo aftur samkvæmt stundaskrá föstudaginn 3. janúar 2025.

Bestu jólakveðjur úr Flóaskóla,
Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri



JÓLABALL & FÉLAGSVIST



KVENFÉLÖGIN Í FLÓAHREPPI HALDA SITT ÁRLEGA JÓLABALL
FYRIR BÖRNIN Í HREPPNUM.

ÞAÐ VERÐUR SPILAÐ OG SUNGIÐ OG MUN JÓN BJARNASON
SJÁ UM AÐ HALDA UPP GÓÐRI JÓLASTEMMNINGU. LÍKLEGT
ER AÐ JÓLASVEINAR KÍKI VIÐ Á LEIÐ TIL FJALLA OG GLEÐJI
UNGA SEM ALDNA.

HÚSIÐ OPNAR KL. 13:30 BALLIÐ HEFST KL. 14

LAUGARDAGUR

28

DESEMBER

FÉLAGSLUNDI

EFTIR DANSINN VERÐUR KAFFISAMSÆTI OG ERU GESTIR
BEÐNIR UM AÐ KOMA MEÐ BAKKELSI OG LEGGJA TIL Á
SAMEIGINLEGT HLAÐBORD.

AÐGANGSEYRIR ER 1.000 KR FYRIR 6 ÁRA OG ELDRI,
EN HÁMARK 2.000 KRÓNUR Á HVERT HEIMILI. EKKI
VERÐUR POSI Á STAÐNUM.

STUNDVÍSLEGA KL 20:00 SAMA DAG VERÐUR
SVO SPILUÐ FÉLAGSVIST Í FÉLAGSLUNDI.

SPJALDIÐ KOSTAR 1.000 KR OG VERÐA
VEGLEGIR VINNINGAR Í BOÐI. VIÐ HVETJUM
SEM ALLRA FLESTA TIL AÐ KOMA OG SPILA MEÐ
OKKUR.

*Kærar jólakveðjur til allra
sveitunga frá kvenfélögunum í
Flóahreppi.*

Leiðislýsing í Villingaholtskirkjugarði.

Að venju hefur verið kveikt á leiðislýsingu í kirkjugarðinum okkar við Villingaholtskirkju.

Með því að tendra ljós á leiði ástvinar erum við að heiðra minningu þeirra sem farnir eru.

Til að gera okkur kleift að bjóða upp á lýsingu á aðventu óskum við eftir að aðstandendur leiða greiði kr: 2.500,- fyrir hvern kross sem settur er.

Greiða má inn á reikning Villingaholtskirkjugarðs:
0152-15-381326,
kt: 510489-1799.

Guð gefi ykkur öllum gleðilega aðventu.
Sóknarnefnd Villingaholtskirkju

Frá Umf Þjótanda

Bolir, stuttbuxur og húfur

Við eigum til á lager eitthvað af Þjótandabolum, Þjótandastuttbuxum og Þjótandahúfum á afar hagstæðu verði.

Gætu mögulega orðið að hinum fullkomna mjúka pakka.

Fyrirspurnir berist til Höllu á netfangið halla@floahreppur.is.
Við verðum líka með Þjótandafatnað til sölu á skötuveislunni í Þingborg á þorláksmessu.

Jólaþveðja

Stjórn Umf Þjótanda sendir félagsfólki sínu og velunnurum bestu óskir um gleðilega jólahátíð og farsæld á komandi ári. Bestu þakkir fyrir frábæra samvinnu og samveru á árinu sem er að líða. .





JÓLASVEINASÚPAN

Gryla og Leppalúði týndu öllum jólasveinunum nema Stúfi! Ef þeir finnast ekki verða þeir flengdir með hrísvendi! Hjálp!

Askasleikir	Giljagaur	Kertasníkir	Skyrgámur
Bjúgnakrækir	Gluggagægir	Ketkrókur	Stekkjjarstaur
Gáttabefur	Hurðaskellir	Pottaskefill	Þvörusleikir

S	K	Y	R	G	Á	M	U	R	G	Ú	P	P	Á	Þ	
T	F	R	U	F	E	Þ	A	T	T	Á	G	Þ	F	V	
E	Þ	G	L	U	G	G	A	G	Æ	G	I	R	G	Ö	
K	Æ	A	S	K	A	S	L	E	I	K	I	R	R	R	
K	Á	G	R	F	Ú	Þ	O	Ú	G	T	F	O	I	U	
J	Þ	R	I	R							P	R	T	K	S
A	P	P	K	K							Ö	U	Þ	Æ	L
R	T	F	Í	T							T	A	Æ	R	E
S	O	L	N	T							Á	G	O	K	I
T	L	Ð	S	R							F	A	Í	A	K
A	L	Ö	A	Ó	Ð	Þ	F	Ð	G	S	J	P	N	I	
U	P	O	T	T	A	S	K	E	F	I	L	L	G	R	
R	H	U	R	Ð	A	S	K	E	L	L	I	R	Ú	P	
S	U	F	E	Þ	A	T	T	Á	Æ	Ö	G	Á	J	G	
Á	Ð	G	K	E	T	K	R	Ó	K	U	R	S	B	F	

Jólaþveðja

Stjórn Kvenfélags Villingaholtshrepps óskar félagskonum, íbúum Flóahrepps og velunnurum félagsins gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Með kærri þökk fyrir velvild og samstarf á líðandi ári.

Árið 2024 hefur verið annasamt ár hjá félaginu. Við höfum verið með fjölmargar fjáraflanir og gátum þar af leiðandi styrkt mörg ólík málefni á árinu. Sú sjálfböðavinna félagskvenna sem liggur þar að baki er ómetanleg.

Allar konur eru velkomnar í kvenfélagið. Ef kona hefur áhuga á að heyra meira um starfið eða koma á fund þá er velkomið að senda fyrirspurn á netfangið kvfvillingaholtshrepps@gmail.com eða hafa samband við formann í síma 847-3687 (Ósk).

Gleðilega hátíð



Gleðileg jól og farsælt komandi ár

MEÐ KÆRRI ÞÖKK FYRIR GOTT SAMSTARF
OG SAMSKIPTI Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA.



FLÓAHREPPUR



Frá Hraungerðiskirkju

Aðventukvöld verður í Hraungerðiskirkju sunnudagskvöldið 8. desember nk. kl. 20.00

Prestur sr. Guðbjörg
Arnardóttir. Ræðumaður
Ingunn Jónsdóttir.
Kór Hraungerðis- og
Villingaholtskirkna syngur,
organisti Guðmundur
Eiríksson, einsöngvari
Berglind Guðnadóttir.

Verum öll velkomin.



Meistaramót Þjótanda í skák



Skákmótið okkar var haldið 24. nóvember sl í Flóaskóla og gekk mjög vel. Ágúst Valgarð Ólafsson var mótsstjóri og þökkum við honum kærlega fyrir það. Keppt var í einum 5 manna flokki og voru telfdar 5 umferðir.

Hér birtast úrslit mótsins:

1. sæti Reynir Bjarkason með 4 vinninga.
2. sæti Ágúst Valgarð Ólafsson með 3,5 vinning
3. sæti Sigurjón Óli Ágústsson með 3 vinninga.
4. sæti Matthías Máni Elíasson með 2,5 vinning.
5. sæti Arnar Alex Reynisson með 0 vinninga.

Þökkum við þátttakendum kærlega fyrir gott mót.



AÐVENTUHÁTÍÐ FLÓAHREPPS

Í ÞINGBORG

MENNINGARNEFND FLÓAHREPPS ÁSAMT

BERGLINDI BJÖRK GUÐNADÓTTUR KYNNA MEÐ

STOLTI AÐVENTUTÓNLEIKA Í FLÓAHREPPI

FJÖLBREYTT OG SPENNANDI DAGSKRÁ FYRIR

ALLA FJÖLSKYLDUNA

5
DESEMBER

HEITT KAKÓ
PIPARKÖKUR
KAFFI / SMÁKÖKUR

HÚSIÐ OPNAÐ
KL.18 DAGSKRÁ
HEFST 18:30

KAKÓBAR

SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

FORSALA HAFIN Á FLÓAHREPPUR.IS

FORSALA 2500 / VIÐ INNGANG 3500

SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



UNGMENNI 13-17 ÁRA

FORSALA 1000 / VIÐ INNGANG 1500

FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI



ÆÐVENTUHÁTÍÐ FLÓAHREPPS

5. DES 2024 Í ÞINGBORG



HÁTÍÐARGESTIR KVÖLDSINS
SVEINN ORRI EINARSSON KYNNIR
SKÓLABÖRN Í
KRAKKABORG OG FLÓASKÓLA
TÓNLISTARNEMENDUR
TÓNLISTARSKÓLA ÁRNESINGA

TÓNAFLJÓÐ FLYTUR ÆVINTÝRALEGA
JÓLASYRPU MEÐ ÖLLUM
VINSÆLUSTU JÓLALÖGUNUM
BERGLIND BJÖRK GUÐNADÓTTIR
SÓPRAN SÖNGKONA
KIRKJUKÓRAR

HRAUNGERÐIS-OG VILLINGAHOLTSKIRKJU
KAKÓBAR, PIPARKÖKUR, KAFFI OG SMÁKÖKUR
INNIFALIÐ Í MIÐAVERÐI
MIÐAPANTANIR Á FLÓAHREPPUR.IS



Fréttatilkynning frá Jólasveinum

Við bræðurnir verðum á ferð um Flóahrepp eins og alltaf á Þorláksmessu og aðfangadag. Við erum búnir að ráða almannatengslafulltrúa sem er hún Guðmunda Bríet frá Hrygg, hún ætlar að taka við pöntunum fyrir okkur. Síminn hjá henni er 787 2806.

Pantið heimsókn hjá henni síðasta lagi 20. desember. Einnig veitir hún nánari upplýsingar um fyrirkomulag.

Guðmunda Bríet verður svo í Þingborg 21. desember, við bakinn ganginn, milli klukkan 15:30 og 17:00 og hún tekur við greiðslum og sendingum til káttra krakka. Verðið er 1.500 kr á hverja heimsókn.

Jólakveðja, Jólasveinarnir



Messuhald Flóahreppi í desember

8. desember

Aðventukvöld í Hraungerðiskirkju kl 20:00.
Ræðumaður Ingunn Jónsdóttir. Prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir.

Jóladagur 25. desember.

Hátíðarguðspjónusta í Hraungerðiskirkju kl. 11.00.
Prestur sr. Gunnar Jóhannesson

Jóladagur 25. desember.

Hátíðarguðspjónusta í Gaulverjabæjarkirkju kl. 14.00.
Prestur sr . Gunnar Jóhannesson

Annar jóladagur, 26. desember.

Hátíðarguðspjónusta í Villingaholtskirkju kl. 11.00.
Prestur sr . Guðbjörg Arnadóttir

Annar Jóladagur, 26. desember.

Hátíðarguðspjónusta í Laugardælakirkju kl. 13.00.
Prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir

Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól og gott og farsælt
komandi ár.

Sjáumst í kirkjunni um jólin





Dagskrá mánaðarins:

Sveitastjórnarfundur	3. desember
Íþróttæfingar 5. - 7. og 8. - 10. bekkur	3. desember
Aðventuhátíð Flóahrepps	5. desember
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	6. desember
Aðventukvöld í Hraungerðiskirkju	8. desember
Íþróttæfingar 5. - 7. og 8. - 10. bekkur	10. desember
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	13. desember
Sveitastjórnarfundur	17. desember
Íþróttæfingar 5. - 7. og 8. - 10. bekkur	17. desember
Panta og ganga frá jólasveinaheimsókn	20.- 21. desember
Skötuveisla í Þingborg	23. desember
Jólasveinar á ferð	23.-24. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Hraungerðiskirkju	25. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Gaulverjabæjarkirkju	25. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Villingaholtskirkju	26. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Laugardælakirkju	26. desember
Jólaball Kvenfélaganna í Félagslundi	28. desember
Félagsvist í Félagslundi	28. desember

Áveitan sendir lesendum sínum bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á nýju ári, með þökk fyrir árið sem er að líða.